Aðalfundur FFÁS – Félag fagfólks á skólabókasöfnum

Haldinn í Breiðholtsskóla 12. mars 2024 kl. 13:30 – 16:00

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Skýrslur nefndar
5. Umræður og afgreiðslur mála
6. Kosning stjórnar, varastjórnar, fræðslunefndar og kjaranefndar
7. Kosning tveggja endurskoðenda
8. Önnur mál

Fundur settur

Jónella Sigurjónsdóttir formaður FFÁS setur fund, Einar Eysteinsson kosinn fundarstjóri og Freydís Kneif Kolbeinsdóttir verður fundarritari.

1. **Skýrsla stjórnar**

Jónella Sigurjónsdóttir flutti skýrslu stjórnar þar sem hún stiklaði á starfi síðasta árs. Það mættu 28 í vorferðina síðasta vor en ferðin hófst og endaði í Hafnarfirði, Bókasafn Grindavíkur, sem er samsteypusafn almennings- og skólabókasafns heimsótt og farið í skoðunarferð um Grindavik og nágrenni. Þakkaði fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir störf sín í þágu félagsins. Stjórnin sendi inn umsögn fyrir hönd félagsins vegna aðgerðaráætlunnar ráðherranefndar í málefnum íslenskrar tungu. Sú umsögn skilaði því að óskað verður eftir aðkomu FFÁS við kortlagningu skólasafna.
Fræðslustund var haldinn í Breiðagerðisskóla í nóvember, þar sem meðala annars voru kynntir stafrænir Breakout leikir, Manga- og Anime klúbbar og metnaðarfullt lestrarverkefni í Vogaskóla.
Ágústa Pálsdóttir, prófessor í upplýsingafræði við HÍ, bar undir formann bréf þar sem áhyggjur af framtíð náms og starfsemi bókasafna kom fram. Formaður ritaði undir bréfið ásamt öðrum upplýsingafræðingum.

Formaður sagði frá nýju vefsíðunni okkar, skólasafn.is. frábært að hún skuli nú vera tilbúin til birtingar. Við munum þurfa vefstjóra til að byggja upp síðuna og koma henni á gott skrið. Facebook síðan okkar verður þó áfram mikilvægur staður til að miðla upplýsingum og til hugmyndaöflunnar fyrir félagsmenn.

2. **Ársreikningur félagsins**

Margrét Björnsdóttir gjaldkeri fór yfir ársreikning félagsins. Staða félagsins er ágæt. Staða á reikningi í lok árs er: 841.700 kr.

3. **Umræður um skýrslur stjórnar og gjaldkera**

Engar spurningar varðandi skýrslu stjórnar, og engar spurningar varðandi ársreikning félagsins

4. **Skýrslur nefnda**

Skýrsla fræðslunefnda er inn í skýrslu stjórnar

5. **Umræður og afgreiðsla mála**

Engin mál liggja fyrir

6. **Kosning stjórnar, varastjórnar, fræðslunefndar og kjaranefndar**

Kosning formanns: Farið yfir hlutverk stjórnar og þá reglu að stjórn skipti með sér störfum á fyrsta stjórnarfundi. Halla Svavarsdóttir, Margrét Björnsdóttir og Unnur María Sólmundsdóttir gefa ekki kost á sér áfram og hætta því allar í stjórn. Jónella kosin einróma áfram til setu formanns, Kristín Thorarensen í Hofstaðaskóla í Garðabæ kosin ásamt Heiðu Rúnarsdóttur úr Breiðagerðisskóla. Ekki tókst að fullmanna stjórn að þessu sinni.

Ný stjórn: Jónella, Einar, Freydís, Guðrún, Heiða og Kristín

Þóra tengiliður á SBU verður áfram tengiliður okkar við Visku stéttarfélag.

Vantar fulltrúa fyrir KÍ

7. **Kosning tveggja endurskoðenda**

Ágústa Ragnarsdóttir Varmárskóla gaf kost á sér sem skoðunarmaður og Kristín Rögnvaldsdóttir Lágafellsskóla gaf kost á sér sem varamaður. Þær voru kosnar einróma.

8. **Önnur mál:**

Fráfarandi stjórnarmeðlimum veittur þakklætisvottur fyrir vel unnin störf

Fræðslufundur:

1. Opnun heimasíðu – skolasafn.is Einar og Unnur opna síðuna

   Umræður um hvaða efni á heima þarna. Höfundarréttur á myndum og þess háttar. Hafa
   samband við vefstjóra ef fólk er með efni sem það telur eiga heima á síðunni

2. Arndís Þórarinsdóttir með fræðsluerindi

3. Eyrún Eva Haraldsdóttir, sérfræðingur í miðlanotkun barna og ungmenna – SAFT

Jónella slítur fundi kl. 16:00